



## Gott að hafa í huga fyrir aðgerð:

- Aðgerðin tekur ca. 1.5 klukkustundir en alltaf geta orðið frávik á því.
- Mælt er með að borða góðan morgunmat áður en þú mætir
- Gott er að vera í fatnaði sem þér finnst vera þægilegur
- Í sumum tilfellum er gefið róandi lyf fyrir aðgerð og mælum við með að þú fáið aðstandanda til að keyra þig þar sem þú verður óökufær eftir það
- Aðstandanda er velkomið að bíða á biðstofu en við bjóðum einnig upp á að hringja í aðstandanda þegar nálgast aðgerðarlök. Einnig getur þú sjálf/ur hringt að aðgerð lokinni
- Þú þarft að gera ráð fyrir því að koma við í apóteki á heimleið til að sækja bólgueyðandi og/eða sýklalyf
- Fyrir aðgerð þarf að skrifa undir upplýst samþykki og ganga frá greiðslu nema samið sé um annað
  - Gott er að hafa samband við banka/kortafyrirtæki daginn fyrir aðgerð til að tryggja úttektarheimild og með því auðvelda aðgerðardaginn
- Eftir aðgerð verður farið yfir hvað skal gera á meðan græðsluferli stendur
  - M.a. notkun á þar til gerðu munnskoli, bólgueyðandi og/eða sýklalyfjum ef það þarf að ávísa þeim
  - Skriflegar leiðbeiningar fylgja með þér heim
  - Mikilvægt er að fylgja leiðbeiningunum svo græðsla fari vel fram. Það skiptir miklu máli upp á góðar horfur eftir aðgerð
- Áður en þú ferð heim er bókaður tími í eftirlit/saumatöku að tveimur vikum liðnum
- Ef spurningar vakna er hægt að hafa samband við móttökuna okkar í síma: 565-9080